



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Engjaborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Suðurengi um starfið á síðasta ári	6
2.2 Umbótaáætlun fyrir Suðurengi	7
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Austurengi um starfið á síðasta ári	8
2.4 Umbótaáætlun fyrir Austurengi	9
2.5 Stutt greinargerð deildarstjóra Norðurengi um starfið á síðasta ári	10
2.6 Umbótaáætlun fyrir Norðurengi	11
2.7 Stutt greinargerð deildarstjóra Vesturengi um starfið á síðasta ári	12
2.8 Stutt greinargerð um foreldrasamstarf á síðasta ári	14
3 Ytra mat	16
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	16
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	18
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	19
Starfsþróunarsamtöl og starfsmannasamtöl	19
6.1 Starfsþróun síðast árs	19
6.2 Áætlun um símenntun í Engjaborg leikskólaárið 2018-2019	19
7 Foreldrasamvinna	20
8 Samstarf leik- og grunnskóla (Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna)	20
9 Skipulagsdagar	23
10 Fylgigögn	23
10.1 Matsgögn	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	23

1 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megir hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: „Kvennum gott með góðu“

2 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Valborg sem hafði verið leikskólastjóri í Engjaborg í 17 ár hætti þann 30 júní 2017.

Leikskólastjóri í Hulduheimum hafi einnig sagt upp störfum og var því ákveðið af Skóla – og frístundaráði að skoða leikskólaþjónustu í norðanverðum Grafarvogi með sameiningar í huga, leikskólinn Laufskálar var tekin með í þessa skoðun til þess að fjölga möguleikum.

Á meðan á þessari skoðun stóð var Hildur L. Jónsdóttir leikskólastjóri Laufskála fengin til að stýra Engjaborg ásamt því að hún stjórnaði Laufskálum áfram.

Starfshópur var skipaður og í honum sátu stjórnendum leikskólanna, starfsmenn og fulltrúar foreldra frá öllum leikskólunum þremur ásamt fulltrúum frá mannauðs- og leikskóladeild Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og áttu Hverfasamtök Grafarvogs líka fulltrúa í hópnum sem var mikilvæg vegna óháðrar stöðu fulltrúans. Þó nokkur vinna var lögð í þessa skoðun og hópurinn skilaði niðurstöðu sinni eftir vel ígrundaða vinnu og lýðræðisleg vinnubrögð. Þrátt fyrir mikla vinnu voru niðurstöður hópsins ekki nýttar heldur tekin pólitísk ákvörðun um að fresta öllum hugmyndum um sameiningar að svo stöddu með þeim rökum að mikil starfsmannavelta og óróleiki hefur einkennt leikskólaþjónustu síðustu missera og ekki þótti bjóðandi að auka álag á starfsfólk leikskóla með þessum hætti, starfsfólk hljóp nú þegar hratt til að halda uppi uppeldi og menntun í leikskólunum. Þessari ákvörðun var fagnað í Engjaborg. Þá hófst auglýsingar- og ráðningarferli sem var að mati starfsfólks Engjaborgar óþarflega langt. Pála Pálsdóttir leikskólakennari og leikskólastjóri í Hólaborg var ráðin nýr leikskólastjóri í Engjaborg. Pála hóf störf í Engjaborg þann 1. febrúar og lauk þá 10 mánaða óvissutíma um stjórnun leikskólans. Vert er að taka fram að þetta óvissutímabil hafði mikið áhrif á starfið í Engjaborg, margt í faglegu starfi var sett á bið vegna óvissu um framtíð Engjaborgar, þar má helst nefna innra mat en vegna ólíkra leiða og ólíkra áherslupátta tímabundins stjórnanda og starfsfólks tafðist matið og jafnvel féll niður og hafði það áhrif á fagleg framþróun.

Starfsfólk Engjaborgar á stórt hrós skilið fyrir sína aðkomu á þessum óvissu tímum og við stjórnendaskipti í leikskólanum. Fyrst og fremst skal nefna áherslur þeirra allra í að taka vel á móti nýjum stjórnendum, bæði Hildi sem var tímabundið og svo Pálu þegar hún hóf störf. Tillit og hjálpsemi við aðlögun nýrra leikskólastjóra var einkennandi og mikil vilji til að vinna að sameiginlegum markmiðum. Eiga þær hrós og þakkir skilið fyrir það.


Hildur Lilja Jónsdóttir leikskólastjóri

Pála Pálsdóttir leikskólastjóri

3 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeiningar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Suðurengi um starfið á síðasta ári

Innra mat Suðurengi

Ég tók við stöðu deildarstjóra á Suðurengi í ágúst 2017. Á deildinni voru fyrir utan mig tveir starfsmenn, einn í viðbót bættist við í hlutastarfi í mars. Það voru 14 börn á deildinni fram að febrúar og 16 eftir þann tíma, átta strákar og átta stelpur. Aðlögun barna var í tveimur lotum, fyrri byrjaði 22. ágúst og seinni 7. september. Í júlí var sent bréf til foreldra þar sem þeim var boðið leikskólapláss, sendar helstu upplýsingar um leikskólann og deildina og hvernig aðlögun barnsins yrði háttað.

Aðlögunin gekk vel og ágætlega fyrir sig. Börnin fengu nægan tíma til að aðlagast leikskólanum, deildinni, starfsfólki og hinum börnunum. Við leggjum mikla áherslu á að börnunum okkar líði vel á deildinni. Aðal þema vetrarins var að læra að vera í leikskóla þar sem börnin æfðu sig að vera saman í leik og starfi með virðingu fyrir öðrum.

Börnin fara þrisvar á dag í samveru og í eina útiveru fyrir hádegi. Öll börn á Suðurengi fara í hvíld að loknum hádegisverði. Oft eftir hádegi fara börnin í hópavinnu.

Eftir áramót þegar sjálftraustið hefur talsvert aukist og **félagsleg tengsl byrjaði að myndast** byrjuðum við með vinsælustu hefð leikskólans, Barn vikunnar. Þetta hefur gengið nokkuð vel þar sem allir vildu taka tösku með bangsa heim en ekki endilega að kynna þetta fyrir barnahópnum eftir helgina.

Í allri vinnu leggjum við áherslu á að tala við börnin og hlusta á þau tjá sig, kenna þeim ný orð úr bókum og málumhverfi, lesa með þeim, syngja, kenna þulur. Við reynum að hafa fastan lestrartíma á hverjum degi.

Vegna aldurs var ekki alltaf mögulegt að halda uppi skipulögðu starfi og til að koma í veg fyrir erfiða tíma/erfið samskipti þá skiptum við stundum börnunum í hópa til að geta unnið betur með þeim.

Það er góð samskipti og upplýsingaflæði á milli starfsfólks og foreldra. Við segjum frá starfinu til að tengja foreldra við það sem fram fer á leikskólanum.

Barbara Ferster deildarstjóri

3.2 Umbótaáætlun fyrir Suðurengi

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópu r, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aðlögun	Að börnin finni sig örugg, þau skapi tengsl og séu virk.	Börnin fá tíma til að aðlagast og hugað er sérstaklega að nánd og umhyggju.	Leikskólaárið 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Skráningar Gátlisti: sjálfsmýnd og félagsfærni. Samskiptaskrán ingar á hverjum deildarfundi.	Börnin séu áhugasöm, virk og glöð. Viðmið 90% Starfsfólk beri saman skráningar og sjá framfarir í hvert skipti
Foreldra samstarf		Fara vel yfir aðlögunarferlið.	Leikskólaárið 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Foreldrakönnun Skráningar og ígrundun á deildarfundum.	90% foreldra ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fá.
	Við kynnumst hverju barni og fjölskyldu þess.	Myndir að heiman.	Í vikunni sem barnið byrjar í aðlögun.	Deildarstjóri ábyrgur. Foreldra framkvæma	Gátlisti	100%
		Búa til og nota aðlögunarblöð fyrir starfsfólk.	Fyrir aðlögun og notuð í aðlögun.	Leikskólastjóri og allt starfsfólk	Gátlisti	100%
Náms umhverfi	Að umhverfið styrki við velliðan og þarfir allra barna	Skipuleggja deildina þannig að hún geri ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna	Leikskólaárið 2018-2019	Leikskólastjóri og deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Gátlistinn skipulag húsnæðis og leik- og námsefni. (Er í sameign)	Verði í lok leikskólaárs 90%

3.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Austurengi um starfið á síðasta ári

Innra mat Austurengi

Veturinn 2017-2018 voru þrír starfsmenn á Austurengi. Hrefna deildarstjóri, Izabella almennur starfsmaður Austurengis til 5 ára og Hanna, nýr starfsmaður sem byrjaði í ágúst 2017. 1. mars hætti Hanna á deildinni og nýr starfsmaður leikskólans byrjaði, Veronika. Á deildinni voru 18 börn, 6 drengir og 12 stúlkur, öll fædd árið 2014. Deildin var því aldurshrein. Stúlka hætti í desember og byrjaði strákur í stað hennar. Önnur stúlka hætti í byrjun sumars 2018.

Dagskipulagi Austurengis var á þann hátt að boðið var upp á morgunmat milli klukkan 8:00 og 9:00 á morgnanna. Klukkan 9:00 var samverustund með ávöxtum og síðan útivera til klukkan 11:00. Þá var skipt á og síðan hádegismatur. Eftir hádegismat var róleg stund með lestri og síðan frjálst flæði innan deildar og í sal leikskólans. Boðið var upp á nónhressingu um 14:30 og tiltekt var um 15:30. Eftir það var róleg stund með samveru og ávöxtum. Börn sem þurftu á svefni að halda fóru inn á yngstu deild, Suðurengi. Börnin skiptust á að fara með bangsa deildarinnar heim eina helgi til að vinna með heimamenningu barnanna.

Austurengi var skipt upp í svæði og fengu börnin að flæða á milli þeirra í leik. Þessi svæði voru, í fremra herbergi, holukubbar með búningum, verkfærum og læknaðóti. Lessvæði með sófa, dýnu og bókum. Einnig var borð þar sem boðið var upp á fínhyfingar eins og púsl, perlur og legokubbar. Í innra herbergi var dúkkukrókur með eldhúsi, bílakrókur með bílateppi, bílum og fylgihlutum ásamt duplokubbum, opið svæði fyrir hreyfingar og ýmsan tilfallandi leik og svæði fyrir einingakubba með ítarefni. Í innra herbergi var einnig borð fyrir list og ljósaborð. Við borðin tvö á deildinni var borðað í hádeginu en einnig á einu borði sem var í salnum. Þar var einnig boðið upp á flæði í nónhressingu.

Í Engjaborg einkenndist veturinn 2017-2018 af breytingum í starfmannahópi Engjaborgar. Pála byrjaði sem leikskólastjóri Engjaborgar 1. febrúar 2018. Starfsfólkið fann fyrir nýjum eldmóði og áhuga í hag Engjaborgar til framtíðar.

Á þessum tíma var deildin Austurengi máluð og listasvæði deildarinnar uppfært til að auka enn meiri vægi sköpunar í námi barnanna.

Hrefna Böðvarsdóttir
deildarstjóri

3.4 Umbótaáætlun fyrir Austurengi

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun	Að öll börn leikskólans fái markvissa málörvun í Sögustund með brúðum og Orðaspjalli.	Hvert barn fer í sögustund með brúðum. Nýtt orð í Orðaspjalli og þema í hverri viku. Allt skráð. Orðin notuð í sögustundum með brúðum ef hægt er.	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Yfir veturinn. Skráningarbla ð fyrir sögustundir með brúðum og Orðaspjalli. Orðaskjóða sýnir ný orð.	Skráningarblöð: Að öll börn hafi fengið kennslu í sögustundum með brúðum og Orðaspjalli einu sinni í viku. Viðmið 80%
Sköpun	Börnin hafi aðgang að og kunni að nota áhöld til listsköpunar. Kennslustund í hverri viku í list.	Börnin hafi aðgengi að efni til listsköpunar í daglegu starfi og fái kennslustund einu sinni í viku í list. Skráningarblað.	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Yfir veturinn. Skráningarbla ð fyrir listsköpun. Skoða listsköpun og skráningar í ferilmöppum. Spyrja börnin	Skráningarblað fyrir listsköpun. Að öll börn hafi fengið kennslu í listsköpun einu sinni í viku. Viðmið 80%
Gleði	Að leggja áherslu á einkennisorð leikskólans: Gleði.	Vera með vinafundi tvisvar í mánuði. Hafa skemmtilega þemadaga. Allt skráð.	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Rætt á deildarf. Spyrja börnin um líðan þeirra í leikskólanum. Spyrja foreldra í foreldraviðtöl um. Skráð.	Rætt á deildarf. Spyrja börnin um líðan þeirra í leikskólanum. Spyrja foreldra í foreldraviðtölum. Skráð.
Heilsu eflandi leikskóli	Styrkja og efla heilsu barnanna	Börnin fá markvissa hreyfistund einu sinni í viku. Boðið upp á göngutúra einu sinni í viku. Virkja tjáningu og dans barna.	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Rætt á deildarf. Spyrja börnin um líðan þeirra í leikskólanum. Spyrja foreldra í foreldraviðtöl um. Skráð.	Rætt á deildarf. Spyrja börnin um líðan þeirra í leikskólanum. Spyrja foreldra í foreldraviðtölum. Skráð.

3.5 Stutt greinargerð deildarstjóra Norðurengi um starfið á síðasta ári

Innra mat Norðurengi

Á Norðurengi voru 3 starfsmenn og 20 börn 9 strákar og 11 stúlkur.

Við höfum verið að vinna með „Lubbi finnur málbein“. Höfum lært eitt stafa-lag á viku frá áramótum og rætt lauslega stafinn sem við erum að syngja um.

Erum einnig að nota „Orðaspjall“ aðferðina. Höfum sett upp tvær orðaskjóður, ein inni á deild og önnur fyrir utan deildina þar sem foreldrar geta fylgst með orðunum sem við erum að læra. Við notum Orðaspjallið í lestrarstund eftir hádegismat og er börnunum þá skipt í þrjá hópa. 6-7 börn í hóp.

Við höfum farið 2-3x í mánuði í göngutúr á bókasafnið. Þá höfum við skipt börnunum í tvo 10 barna hópa. Á bókasafninu er sögustund þar sem starfsmaður bókasafnsins les yfirleitt 2 bækur fyrir börnin. Eftir sögustundina fara börnin í barnadeildina þar sem þau skoða bækur, spil og leikföng sem þar eru.

Útivera er einu sinni á dag og er hún yfirleitt eftir hádegi. Við höfum reynt að auka gleði í útiveru með því að taka út fjölbreytt leikföng og með því að skrúfa frá vatni.

Við höfum farið í nokkra göngutúra í vetur um nánasta umhverfi leikskólans. Eina ferð fórum við í leikhús og tókum við þá strætó niður í miðbæ.

Við erum með flæði alla vega 2x í viku og erum við þá í samstarfi við Vesturengi. Þá geta börnin í „svo kallað flæði“ farið á milli þessara tveggja deilda. Börnin ráða alfarið hvar þau eru og í hvaða verkefni þau fara. Í flæðinu er ýmislegt í boði inni á deildum og börnin geta líka valið að fara inná listengi og í holukubba sem eru í salnum.

Farið er yfir dagskipulag á morgnana (ýmis orð kennd, t.d. um veður)

Kristín Óskardóttir

Deildarstjóri

3.6 Umbótaáætlun fyrir Norðurengi

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun	Að öll börn leikskólans fái markvissa málörvun í sögustund m.orðaspjalli og í sögustund m. brúðum	Fræðsla fyrir starfsmenn á starfsdag. Öll börn fara 1x í viku í sögustund m. brúðum og amk. 1x í viku í sögustund m. orðaspjalli	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Skráningablað fyrir sögustund m. brúðum og sögustund m. Orðaspjalli. Orðaskjóða inni á deild og önnur fyrir utan deild sýnir ný orð	2 orð lögð inn á viku. Eitt í orðaspjalli og annað í þema mánaðarins. Öll börn fá kennslu í sögustundum m. Orðaspjalli og brúðum
Sköpun	Að börnin læri að nota opinn efnivið til að framkvæma sín verk inni á deild. 1x í viku skipulögð stund í list fyrir öll börn	Börnin geti gengið í opinn efnivið inni á deild, vatnsliti, lím ofl. Skipulögð vinnustund í list f. öll börn 1x í viku. Skráningarblað	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Allan veturinn. Skoða skráningarblað og ferilmöppur barnanna. Spyrja börnin	Skráningarblað f. List List 1x í viku Viðmið 80%
Gleði	Að leggja áherslu á einkennisorð leikskólans: Gleði	Vera með vinafundi tvisvar í mánuði. Hafa skemmtilega þemadaga. Allt skráð	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Rætt á deildarfundum. Spyrja börnin um líðan þeirra í leikskólanum. Spyrja foreldra í foreldraviðtölum. Allt skráð	Að skráningarblað sýni að ánægja sé um 80%
Heilsu eflandi leikskóli	Að styrkja og efla heilsu barnanna.	Börnin fá markvissa hreyfistund einu sinni í viku og göngutúr amk. 1x í viku	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Skráningarblað fyrir hreyfingu	Göngutúr amk. 1x í viku og hreyfistund 1x í viku Allt skráð Viðmið 80%

3.7 Stutt greinargerð deildarstjóra Vesturengi um starfið á síðasta ári

Innra mat fyrir Vesturengi

Veturinn 2017-2018 Voru þrír starfsmenn á Vesturengi. Eva Nína deildarstjóri, Ylva almennur starfsmaður og Sóley sem var nýbyrjuð. Á deildinni voru 18 börn, þar af 3 drengir sem byrjuðu haustið 2017 og einn drengur sem er með 8 tíma í stuðning. Um jólin hættu 2 stelpur og þá var Vesturengi 16 barna deild.

Dagskipulag Vesturengis: Milli 8 og 9 er morgunmatur. 9.00-9.30 er samvera þar sem farið er yfir dagskipulagið, rætt um veðrið, sungið og fengið ávexti. Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga vorum við inni fyrir hádegi, frá 9.30-11. Á þriðjudögum og fimmtudögum vorum við inni fyrir hádegi eða fórum í göngutúra um hverfið. Það voru einnig margar skipulagðar ferðir á bókasafnið. Eftir hádegismatinn var lestrarstund og svo fórum við ýmist út að leika eða vorum inni að leika. Um kl.14 er síðan kaffitími og haldið áfram í leik kl.15.30 byrjum við að ganga frá og kl.16 er ávaxtastund og lítil samvera.

Það var mikið unnið með Lubba og bókstafina í vetur, bæði með söng og lögum úr Lubbabókinni og einnig með verkefnum þar sem börnin æfðu að skrifa stafina, ríma og tengja bókastafina hlutum og orðum.

Til þess að undirbúa börnin fyrir flutning yfir í grunnskólann var mikið og gott samstarf milli leikskóla og grunnskóla þar sem börnin fengu að koma í heimsóknir og gera verkefni í skólanum. Börnin fengu að prufa smíði og myndlist og það tókst mjög vel til. Einnig fengu börnin nokkra tíma í íþróttahúsinu og fengu að prufa æfingardótið og skoða búningsklefana. Börnin fengu að kanna allt umhverfi skólans og léku oft á leiksvæði skólans og kíktu í heimsókn í frístundaheimilið.

Mikill undirbúningur og vinna fór í að æfa og búa til hluti fyrir útskrift elstu barnanna. Þau bjuggu sjálf til brúður og leikmynd og sýndu á útskriftinni hvernig þau leika. Þau sungu einnig lög og útskriftin var afar vel heppnuð.

Þann 1.júní, eftir útskrift, var Vesturengi breytt í Ævintýraengi. Ævintýraengi var allan júní mánuð og það var skipulagt þannig að 3 daga vikunnar vorum við í ferðum vítt og breitt um bæinn og 2 daga í leikskólanum. Þetta var skemmtilegt uppbrót á leikskólalífinu og bæði starfsfólk og nemendur voru glöð með þessar ferðir.

Eva Nína Einarsdóttir
Deildarstjóri Vesturengi

3.8 Umbótaáætlun fyrir Vesturengi

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun	Að vinna markvisst að því að auka orðaforða barna, vinna með hljóðkerfisvitund og læsi í víðum skilningi.	Hvert barn fer í sögustund með brúðum. Ný orð í Orðaspjalli og úr þemu mánaðarins. Allt skráð. Orðin notuð í sögustundum með brúðum ef hægt. Áætlunin hljóðkerfisvitund er eftir Markviss málörvun	Veturinn 2018- 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Yfir veturinn. Skráningarblað fyrir sögustundir með brúðum og Orðaspjalli. Orðaskjóða sýnir ný orð. Hljóm 2/ sep.- okt./ Stofna bók fyrir öll skóla verkefni/skoða fyrir áramót og í loks skólaársins/	Skráningarblöð: Að öll börn hafi fengið kennslu í sögustundum með brúðum og Orðaspjalli einu sinni í viku. Viðmið 80%
Sköpun	Börnin hafi aðgang að og kunni að nota áhöld til listsköpunar. Kennslustund í hverri viku í list. Að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.	Börnin hafi aðgengi að efni til listsköpunar í daglegu starfi og fái kennslustund einu sinni í viku í list. Skráningarblað. Bæta við hljóðfæri kassann.	Veturinn 2018- 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Yfir veturinn. Skráningarblað fyrir listsköpun. Skoða listsköpun og skráningar í ferilmöppum. Spyrja börnin.	Skráningarblað fyrir listsköpun. Að öll börn hafi fengið kennslu í listsköpun einu sinni í viku. Viðmið 80%
Gleði	Að leggja áherslu á einkennisorð leikskólans: Gleði.	Vera með gleðifundi tvisvar í mánuði. Hafa skemmtilega þemadaga. Allt skráð	Veturinn 2018- 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Rætt á deildarf. Spyrja börnin um líðan þeirra í leikskólanum. Spyrja foreldra í foreldravíðtölum. Skráð.	Að skráningarblað sýni að virkni og ánægja sé um 90%
Heilsu- eflandi leikskóli	Styrkja og efla heilsu barnanna.	Börnin fá markvissa hreyfistund einu sinni í viku. Boðið upp á göngutúra einu sinni í viku. Virkja tjáningu og dans barna.	Veturinn 2018- 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildar framkvæmir	Yfir veturinn. Skráningarblað fyrir hreyfingu.	Að boðið sé upp á göngutúra einu sinni í viku. Að skráningarblað sýni að öll börn hafi fengið hreyfistundir einu sinni í viku. Viðmið 80%

3.9 Stutt greinargerð um foreldrasamstarf

Innra mat á foreldrasamstarfi

Í apríl 2018 var send út viðhorfskönnun til foreldra. Stjórnendateymi leikskólans fannst mikilvægt að fá fram viðhorf foreldra til nokkurra þátta í leikskólastarfinu. Spurt var um viðhorf foreldra til upplýsingagjafar, aðlögunar barna, líðan barna og samskipta og viðmóts starfsfólks leikskólans. 65% foreldra sem svöruðu könnunni.

Helstu niðurstöður þegar spurt er um viðhorf foreldra til upplýsingagjafar:

78% foreldra telja sig fá góðar upplýsingar um það sem væri á döfinni.

95% foreldra vilja fyrst og fremst fá tölvupóst frá deildarstjórum um leikskólastarfið.

77% foreldra vilja að facebook síða foreldra sé notuð til upplýsingagjafar.

Í opnum svörum kom fram;

að stundum kæmi ekki tölvupóstar frá deildarstjórum í langan tíma.

að það vanti stundum upp á skráningar um hvernig börnin sofa eða borða.

að foreldrar vilja fleiri myndir af því sem fram fer í Engjaborg og þá helst mynd af sínu barni.

að auglýsa þurfi viðburði betur.

að heimasíða leikskólans er ekki virk og hefur ekki verið sett nýtt efni á hana í langan tíma.

Helstu upplýsingar þegar spurt var um upplifun foreldra á aðlögun:

71% foreldra eru ánægðir með fyrirkomulag á aðlögun barnsins í leikskólann.

45% foreldra töldu að þeir hefðu fengið að hafa áhrif á það hvernig aðlögunin gengi fyrir sig.

69% töldu að þeir hefðu fengið nægar upplýsingar um starfsemi leikskólans á meðan á aðlögun stóð.

71% foreldra voru ánægðir með hvernig aðlögun milli deilda fór fram

22% foreldra sögðust hafa vilja taka meiri þátt í aðlögun barnsins síns.

Í opnum svörum kom fram;

að foreldrar hefðu ekki í öllum tilfellum verið kynntir fyrir deildarstjóra eða starfsfólki á deild barnsins.

að það vantaði samtal við leikskólastjóra í upphafi aðlögunar.

að þátttökuaðlögun henti ekki öllum börnum.

Helstu niðurstöður þegar spurt var um samskipti og líðan barnsins

95% foreldrar töldu að barninu liði vel í Engjaborg

87% foreldra eru þegar á heildina er litið ánægð með leikskólann.

72% foreldra eru ánægð með samskipti og viðmót starfsfólks.

82% foreldra eru ánægð með viðmót og samskipti við deildarstjóra barnsins síns.

52,5% foreldra upplifa að barninu þeirra sé **alltaf** heilsað á morgnana.

52,5% foreldra upplifa að barnið þeirra sé **alltaf** kvatt í lok dags.

Í opnum svörum kom fram;

að það sem foreldrum þætti best við Engjaborg væri starfsfólkið.

að ekki væri starfsmaður á Suðurengi eftir kl. 16.00 sem hefur verið með barninu allan daginn.

að skortur væri á fagfólki í Engjaborg.

3.10 Umbótaáætlun fyrir foreldrasamstarf

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Upplýsinga gjöf	Að foreldrar fái upplýsingar um það sem er á döfinni, líðan barnsins og það sem fram fer í Engjaborg.	Gert verður verklag um vikupósta. Skráningar á hvernig börnin borða og sofa gerð á hverjum degi. Ljósmyndir sett á öruggt svæði. Heimasíðan uppfærð	Á haustönn	Deildarstjórar Allir starfsmenn Leikskólastjóri Leikskólastjóri	Spurningarkönnun um áramót.	90% foreldra telji að þeir fái viðunandi upplýsingar
Aðlögun	Að foreldrar fái upplýsingar um leikskólann áður og á meðan aðlögun stendur. Að foreldrar séu kynntir fyrri nýrri deild barnsins þegar farið er á milli deilda.	Foreldrar boðaðir í foreldrasamtal áður en aðlögun barnsins hefst. Deildarstjóri kynni foreldra fyrir deildarstjóra á nýrri deild barnsins.	Á haustönn	Leikskólastjóri Deildarstjórar	Spurningarkönnun eftir aðlögun. Deildarstjórar merkja við þegar foreldrar hafa verið kynntir fyrir deildarstjóra nýrrar deildar.	90% foreldra ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fá. 100% foreldrar hafa verið kynntir.
Samskipti	Að öllum börnum sé heilsað með nafni og bros á vör í upphafi dags og þau kvödd í lok dags. Að tryggja góð samskipti við allar fjölskyldur barna í Engjaborg.	Starfsfólk heilsar börnum með nafni. Gerðar verða samskiptareglur við foreldra.	Allt leikskóla- árið Á haustönn	Deildarstjórar ábyrgir en allt starfsfólk framkvæmir. Leikskólastjóri ábyrgur. Allt starfsfólk framkvæmir.	Foreldrar spurðir í foreldrasamtölum. Foreldrar spurðir í foreldrasamtölum	90% foreldra upplifi að barninu sé alltaf heilsað og kvatt. 90% foreldra ánægð með samskipti við starfsfólk.

4 Ytra mat

Ekki var gert ytra mat í Engjaborg þetta leikskólaár.

5 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Það hafa verið miklar breytingar í Engjaborg síðastliðið ár, bæði hjá leikskólanum í heild og einnig í sérkennslunni. Anna Björg Guðmundsdóttir var sérkennslustjóri í Engjaborg þar til 31.12.17.

Frá 1. janúar til lok mars var því enginn sérkennslustjóri í Engjaborg. Í enda mars var Eva Nína Einarsdóttir ráðin sem sérkennslustjóri í 75% og deildarstjóri á Vesturengi í 25% starf.

Það eru 2 börn með stuðning, eitt á Vesturengi með 8 tíma og eitt á Norðurengi fjármagn. Eva Nína var stuðningur fyrir barnið með 8 tíma og Brynja aðstoðarleikskólastjóri vann með barninu með fjármagnið.

Foreldrasamstarf, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra var unnið af hálfu sérkennslustjóra og leikskólastjóra. Einnig unnu sérkennslustjóri og leikskólastjóri saman í samstarfi við þjónustumiðstöð, hegðunarráðgjafa, Greiningarstöð o.fl.

Unnið er eftir læsisstefnu leikskóla „Lesið í leik“ en ekki er til sérstök læsisáætlun í Engjaborg en það stendur tilbóta næsta leikskólaár. Unnið var eftir bestu getu inná hverri deild fyrir sig til þess að auka orðaforða og hljóðkerfisvitund bæði með Orðaspjalli og Lubbi finnur málbein.

Ekki er til sérstök áætlun um snemmtæka íhlutun og hvernig stuðningur er háttað í Engjaborg.

Eva Nína Einarsdóttir
Sérkennslustjóri

5.1 Umbótaáætlun fyrir sérkennslu

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Stefna um stuðning	Að stefna Engjaborgar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning verði starfsfólki ljós.	Gerð verður stefna Engjaborgar um stuðning og hún kynnt starfsfólki.	Á vorönn	Sérkennslustjóri	Ígrundun á deildarstjórn afundum og deildarfundum	Allt starfsfólk þekki stefnuna og nýju starfsfólki kynnt hún Viðmið 100%
Fundargerðir og utanumhald	Að utanumhald með fundargerðum og öðru sem tilheyrir sérkennslu verði skipulagt, löglegt sem og aðgengilegt fyrir þá sem þurfa á þessum gögnum að halda.	Fara yfir þær fundargerðir og göng sem eru til. „Hannað“ verður kerfi sem auðveldar starfsfólks sem kemur að stuðning utanumhald. Farið verður eftir persónuverndarlögum og lögum um skjalavörslu.	Á haustönn	Sérkennslustjóri	Ígrundun á fundum með starfsfólki sem sinni sérkennslu	Allt starfsfólk sem kemur að stuðning barna með sérþarfir þekki skjalageymslu Engjaborgar, persónuverndar lög og lög um skjalavörslu. Viðmið 100%
Málörvun	Að allt starfsfólk styðja við málþroska og læsi barna.	10 mínútnaregla. Gæðamálörvun í daglegu amstri gert sýnilegt.	Allt leikskólaárið	Sérkennslustjóri og deildarstjórn	Skráningarblið að yfirfarið á deildarfundum.	Að starfsfólk sinni 10 mínútureglunni 3 daga af 5 að meðaltali.

6 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í Engjaborg er lögð áhersla á nám og velferð barna þar sem allir eru mikilvægir og hafa sömu réttindi. Lögð er áhersla á þátttöku allra þar sem verkefni dagsins ráðast af áhugasviði og styrkleikum barnanna. Við styðjum við börnin sem einstaklinga og viðurkennum breytileika í barnahópnum og hjá fjölskyldum þeirra.

Leiðir sem við munum nota til þess eru:

10 mínútnareglan, Orðaforðabækur, Orðaspjall, Sögustundir með brúðum, þema orðflokkar fyrir mánuðina, menningarmót, barn vikunnar, mörg tungumál gerð sýnileg, Einn leikskóli mörg tungumál, málrækt inn í barnahópnum, brúarsmiðir Máls og læsis kallaðir til ef þarf og túlkapjónusta notuð.

Fjölskyldur: rætt er í upphafi leikskólagöngur hvernig foreldrar vilja fá skilaboð og upplýsingar frá leikskólanum, lögð áhersla á byggja upp traust strax í upphafi og finna leiðir til samstarfs sem styrkja stöðu barnsins í þeim tungumálum sem það er að læra. Foreldum er boðið upp á samstarf við Miðju máls og læsis.

Fríða Bjarney leikskólaráðgjafi verður með á deildarfundum og styður við starfsfólk.

Eva Nína sérkennslustjóri verður í 10% starfi þar sem hún leggur áherslu fjölbreyttar leiðir í vinnu með börnum sem eru með annað móðurmál en íslensku.

Tengiliður fjölmennningar er Barbara.

Næsta leikskólaár munum við þróa en frekar áherslur okkar í starfi með börnum sem eru að læra mörg tungumál og fjölskyldum þeirra.

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

7.1 Starfsþróunarsamtöl og starfsmannasamtöl

Starfsfólk hittir deildarstjóra einu sinni fyrir og einu sinni eftir áramót í formlegu starfsmannaviðtali. Starfsfólk hittir leikskólastjóra einu sinni fyrir áramót í formlegu starfsmannasamtali og einu sinni eftir áramót í starfsþróunarsamtali. Sjá nánar dagsetningar í leikskóladagatali.

7.2 Starfsþróun síðast árs

8.september í Engjaborg, nýr leikskólastjóri Hildur Lilja var ráðin tímabundið var með kynningu og farið var yfir starfs- og námsumhverfi Engjaborgar.

Starfsmannafundur, farið yfir og rætt um starfskönnun, starfsmannahandbók.

18.október sameiginlegur dagur í Engja- og Rimahverfi. Hlustað á Pálmar Ragnarsson sem var með frábæran fyrirlestur um „jákvæð samskipti“ og leikskólinn Fífuborg kynnti fyrir okkur verkefni um vináttuna og bangsann Blæ.

27.nóvember í Engjaborg þá kom Ólöf Kristín Sívertsdóttir með fyrirlestur um Heilsu og mataræði.

2.mars 2018 fór Brynja á námskeið „Erfið samskipti, starfsmanna og foreldra“.

12.mars 2018 kom Kristín Hildur með fyrirlestur „skapandi umhverfi“.

22.mars 2018 fóru Pála og Hrefna á námskeið um „Innra mat“.

26.mars fór Eva Nína á námskeið allan daginn „Íslenski málhljóðamælirinn“

18.maí fyrir hádegi kom Kolbrún Hrund og var með Jafnréttisfræðslu.

Í mars og apríl kom Fríða Bjarney leikskólaráðgjafi og var með á deildarfundum þar var hún með grunnfræðslu um nám í fjölbreyttum barnahópum.

7.3 Áætlun um símenntun í Engjaborg leikskólaárið 2018-2019

Á næsta leikskólaári verður lögð áhersla á læsi, sköpun og gleði á öllum deildum Engjaborgar það verður einnig gert í símenntun.

Læsi: Starfsfólk verður með fyrirlestur um Orðaspjall og Sögustund með brúðum á starfsdegi.

Leikskólinn Tjarnasel verður heimsóttur og þar fengin fræðsla um Orðaspjall.

Sköpun: Kristín Hildur leikskólaráðgjafi er með fyrirlestur um sköpun á starfsdegi og kemur á deildarfundum með fræðslu um skráningar.

Gleði: Starfsfólk Engjaborgar fer á fyrirlesturinn „hvernig laða ég fram það allra besta í sjálfum mér“ ásamt öðru leikskólastarfsfólki í Grafarvogi.

Fríða Bjarney leikskólaráðgjafi kemur á deildarfundum og er með fræðslu um þá þætti sem skipta máli í máltöku barna sem eru að læra fleiri en eitt tungumál og leiðbeinir með starf í fjölmennningarlegum leikskóla.

Námsferð: Starfsfólk Engjaborgar fer í námsferð til Brighthon í maí og skoðar Reggio leikskóla þar.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Í foreldraráði Engjaborgar voru fimm foreldrar síðasta leikskólaár.

Á næsta leikskólaári verður kosið í nýtt foreldraráð í september. Leikskólastjóri boðar til fyrsta fundar og foreldraráðið setur sér starfsreglur fyrir veturinn.

Foreldrafundur: Haldin verður foreldrafundur með foreldrum allra barna í september. Þar kynna deildarstjórar starfið á deildunum og áherslur næsta leikskólaárs.

Foreldrasamtöl: Sú nýbreytni verður næsta leikskólaár að foreldrasamtöl verða í kringum afmælisdag hvers barns, en einnig er samtal í upphafi leikskólaársins þar sem farið er yfir einstaklingsnámskrá barnsins. Þetta er gert til að dreifa álaginu sem oft er í kringum samtölin, þegar deildarstjóri fer af deildinni í langan tíma, bæði til að undirbúa þau og í samtölin sjálf. Alltaf er hægt að óska eftir foreldrasamtali bæði hjá deildarstjóra og leikskólastjóra.

Foreldrafélag: er starfandi í Engjaborg og þeir foreldrar sem það velja borgar ákveðna upphæð í sjóð.

Foreldrafélagið býður upp á ýmsa viðburði sem brjóta upp leikskólalífið í samstarfi við leikskólann.

9 Samstarf leik- og grunnskóla

9.1 Markmið

Samstarf grunnskólans og leikskólanna miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af einu skólastigi yfir á annað. Elstu börnin í leikskólanum Engjaborg og Hulduheimum eru flest væntanlegir nemendur Vættaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnast lítillega starfinu í skólanum og aðstæðum hjá frístund. Einnig er það skemmtilegt fyrir yngstu nemendur grunnskólans að fá það hlutverk, að taka á móti væntanlegum samnemendum.

Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.

9.2 Samstarf 2018 – 2019 Vættaskóli Engi – Engjaborg - Brosbær

Dagsetning og tími 2018	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
17. ágúst kl. 9.00	Farið yfir niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn með hverju barni.	Engi	Kennarar beggja skólastiga og forstöðumenn í frístund
11. sept. kl. 14.00	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastiganna.	Engi bókasafn	Kennarar beggja skólastiga og stjórnendur.
11. okt. kl. 8.30-9.40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Engi stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
16. nóv. kl. 10.00	7. bekkur í Borgum les fyrir leikskólabörnin í Hulduheimum og 5. bekkur í Engjum les fyrir börnin í Engjaborg í tilefni af degi íslenskrar tungu. Nokkur börn mæta í einu.	Engjaborg	Stjórnendur og umsjónarkennara í 7. og 5. bekk.
10. nóv. kl. 10.00	Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann	Engjaborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
21. nóv. kl. 9.00-10.00	Heimsókn elstu barna leikskólanna í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og sýna skólann. Hittast niðri við salinn.	Engi	Stjórnendur, Vættaskóla hafa samband við leikskólana
12. des. kl. 9.00	Nemendur fyrsta bekkjar og leikskólabörnin hittast í Vættaskóla. Jólalögin sungin. Heitt súkkulaði í boði grunnskólans og piparkökur í boði leikskólanna.	Engi	Kennarar beggja skólastiga.
14. des. kl. 9.00	Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur í leikskólunum frá grunnskólabörnunum í Vættaskóla.	Engjaborg	5. bekkja kennari í samráði við deildarstjóra elstu barna.
28. nóv. kl. 10.00-11.00	Kynning á starfi og reglum.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
18. jan. kl. 12:15-13:30	Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og nemendur hafa það gaman saman	Engi	Kennarar beggja skólastiga.

Skipulagt af fagstjóra grunnskólans	Leikskólabörnum boðið í íþróttir, smíði, heimilisfræði, textílmennt og myndmennt í bekk Vættaskóla. Börnin fara í hópum. Ákveðið þegar nær dregur.	Engi	Kennarar beggja skólastiga.
25. apríl kl. 8:30-9:40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk	Engi stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
14.maí Kl 15:00	Vorskólaheimsóknir elstu barna og foreldra í Vættaskóla á vegum grunnskólans. <u>Foreldrar fara með sínu barni</u>	Engi	Skólastjórnendur grunnskóla
Maí	Æfingar elstu barna leikskólans fyrir útskrift/kveðjustund fara fram í Vættaskóla	Engi	Deildarstjórar sjá um að bóka sali hjá skrifstofustjórum grunnskólans.
15. maí kl. 9:00	Elstu börn Engjaborgar bjóða 1. bekk á generalprufu útskriftar/kveðjustundar.	Engi	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
29. maí kl. 17:30	Útskrift/kveðjustund. Elstu börn leikskólans bjóða foreldrum og gestum í sal Vættaskóla- Engi Söngur og fleira skemmtilegt. Eftir það er komið saman á Engjaborg notið veitinga og spjallað.	Engi og Engjaborg	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
13. mars kl. 13:00-14:00 (óstaðfest) 8. maí kl. 14:00-15:00	Tvær heimsóknir í Brosbæ. Fyrri heimsókn, kynning á starfi og reglum. Seinni heimsókn, þátttaka í starfi frístundaheimilanna.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna
18.júní Kl. 10:00	Farið yfir síðustu samstarfsáætlun og drög unnin að næstu áætlun.	Borgir	Stjórnendur beggja skólastiga. Deildarstjórar

10 Skipulagsdagar.

7. september

Hrefna deildarstjóri verður með fræðslu um Sögustund með brúðum og Kristín deildarstjóri verður með fræðslu um Orðaspjall. Undirbúningur fyrir veturinn.

17. október

Fyrirlesturinn „Hvernig laða ég fram það allra besta í sjálfum mér“ Bjartur Guðmundsson.

7. febrúar

Kristín Hildur leikskólaráðgjafi verður með fyrirlestur um sköpun.

18. mars

Óákveðið.

2. maí - Námsferð til Brigthon.

3. maí - Námsferð til Brigthon.

Vegna áætlaðar námsferðar til Brigthon þá verða einungis tveir skipulagsdagar á sama tíma og leik – og grunnskólar í Grafarvogi en það eru dagarnir 17. október og 18. mars.

11 Fylgigögn

11.1 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur			x	
Faglegt samstarf				x
Leikskólaþróun og starfsþróun	x			
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna			x	
Námsvið leikskólans	x			
Leikskóli án aðgreiningar	x			
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara			x	
Fagmennska starfsfólks	x			
Starfsánægja	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x			
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Framkvæmd		x		
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		
Opinber birting og umbætur		x		

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla: Engjaborg

ÁGÚST		SEPTEMBER - Ég sjálfur		OKTÓBER - Náttúran		NÓVEMBER - Dýr		DESEMBER - Jól		JANÚÁR - Ljós og skuggar		FEBRÚÁR - form+mynstur		MARS - litir+form		APRÍL - afstöður		MAÍ - Andstæður		JÚNÍ - tilfinningar		JÚLÍ		
1	M		1 L		1 M		1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Vínafundur S+A	1 F	Vínafundur S+A	1 M		1 M		1 L		1 M	
2	F		2 S		2 Þ		2 F	Vínafundur S+A	2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F	Starfdagur - námsferð	2 S	Sjómannadagurinn	2 Þ	
3	F		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F	Starfdagur - námsferð	3 M	Ævintýraengi	3 M	
4	L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ		4 F	Vínafundur S+A	4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L		4 Þ		4 F	
5	S		5 M		5 F	Vínafundur S+A	5 M		5 M		5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F	Vínafundur S+A	5 S		5 M		5 F	Vínafundur S+A
6	M	Friðagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Öskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7	Þ		7 F	Starfsdagur	7 S		7 M		7 F	Vínafundur S+A Jóla­kaffi foreldra	7 M		7 F	Starfsdagur	7 F		7 S		7 Þ		7 F	Vínafundur S+A	7 S	
8	M		8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ		8 F	Röndóttur dagur	8 F	Rugldagur	8 M		8 M		8 L		8 M	
9	F	Opnað	9 S		9 Þ		9 F	Íþróttadagur	9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10	F		10 M	Aðlögun 2	10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F	Ball	10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11	L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F	Vasaljósadagur	11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	Sumarleyfi
12	S		12 M		12 F	Bleikur dagur	12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F	Íþróttadagur	12 S		12 M		12 F	Sumarleyfi
13	M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 L	
14	Þ		14 F	Ball	14 S		14 M		14 F	Jólaball	14 M		14 F		14 F		14 S	Pálasunnudagur	14 Þ		14 F	Sumarhátíð	14 S	
15	M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	Stelpukaffi Vínafundur V+N	15 F	Vínafundur V+N	15 M		15 M		15 L		15 M	Sumarleyfi
16	F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ		16 F	Vínafundur V+N Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F	25 ára afmæli Engjaborgar	16 S		16 Þ	Sumarleyfi
17	F	Vínafundur V+N	17 M		17 M	Starfsdagur	17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M	Gulur dagur	17 F	Vínafundur V+N	17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	Sumarleyfi
18	L		18 Þ		18 F		18 S		18 Þ		18 F	Vínafundur V+N	18 M		18 M	Starfsdagur	18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ		18 F	Sumarleyfi
19	S		19 M		19 F	Vínafundur V+N	19 M		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ		19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	Sumarleyfi
20	M	Aðlögun milli deilda	20 F	Foreldrafundur	20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M	Foreldrasamtöl VE	20 F		20 L	
21	Þ		21 F	Vínafundur V+N	21 S		21 M		21 F	Vínafundur V+N	21 M		21 F	Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ	Foreldrasamtöl VE	21 F	vínafundur V+N	21 S	
22	M		22 L		22 M		22 F		22 L		22 Þ		22 F	Bókadagur	22 F	Dótadagur	22 M	Annar í páskum	22 M	Foreldrasamtöl VE	22 L		22 M	Sumarleyfi
23	F		23 S		23 Þ		23 F	Vínadagur	23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	Sumarleyfi
24	F	Boltadagur	24 M		24 M		24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F	Dótadagur	24 M	Vatnavika	24 M	Sumarleyfi
25	L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Bóndadagur Strákakaffi	25 M		25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	Sumarleyfi
26	S		26 M		26 F	Bangsadagur	26 M	Vínavika starfsfólks	26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ		26 Þ		26 F	Vínafundur V+N	26 S		26 M		26 F	Sumarleyfi
27	M	Aðlögun 1	27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28	Þ		28 F	Dótadagur	28 S		28 M		28 F		28 M	Tannverndarvika	28 F		28 F		28 S		28 Þ		28 F	Drullumall	28 S	
29	M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F	Vínadagur	29 M		29 M	Útskrift	29 L		29 M	Sumarleyfi
30	F		30 S		30 Þ		30 F	Jólagleði starfsfólks Dótadagur	30 S		30 M				30 L		30 Þ		30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	Sumarleyfi
31	F	Dótadagur			31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F	Umhverfisdagur			31 M	Sumarleyfi

Starfsáætlun 2018-2019

Engjaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Engjaborgar skipa:

Hjördís Lilja Sveinsdóttir

Reynir Örn Jóhannsson

Sara Sigurjónsdóttir

Sindri Sverrisson

Valdís María Einarsdóttir

Í Engjaborg starfar metnaðarfullt fólk undir forystu nýs og trausts leikskólastjóra sem komið hefur á stöðugleika og ýtt frekar undir faglega og góða starfsemi leikskólans. Fagmennskan kristallast í þessari nýju starfsáætlun sem er ítarleg og vel útfærð, og til gríðarlegra bóta frá starfsáætlun síðasta árs sem miklir vankantar voru á.

Eins og fram kemur í starfsáætlun er almenn ánægja hjá foreldrum með starf leikskólans og foreldrar telja nær allir að börnum sínum líði vel í Engjaborg. Samkvæmt viðhorfskönnun er helst að foreldrar vilji enn betri og stöðugari upplýsingagjöf, betri samskipti við starfsfólk og betra aðlögunarferli fyrir nýja nemendur. Mikill meirihluti hefur þó ekkert út á þessa þætti að setja, en gott er engu að síður að sjá áætlanir um umbætur.

Umbótaáætlanir eru gerðar fyrir hverja deild fyrir sig, sem er mjög jákvætt. Þær eru skýrar. Á meðal þess sem talað er um að bæta er staða Engjaborgar sem heilsueflandi skóli, og í því sambandi mætti ef til vill til viðbótar við hreyfingu leggja áherslu á fjölbreytt og hollt mataræði barnanna.

Kennararar Engjaborgar starfa eins og fyrr segir af miklum metnaði og umhyggju fyrir börnunum, og þeirra frammistöðu á óvissutíma sem skapaðist vegna leikskólastjóraskipta á síðasta ári ber að lofa. Mikla áherslu ætti að leggja á að fjölga menntuðum leikskólakennurum.